

Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu og áfangamat

Vorönn 2021

Kennslu- og áfangmat í dagskóla er hluti sjálfsmats sem skal framkvæmt reglulega í framhaldsskólum samkvæmt reglugerð ráðuneytis. Hér er stefnt að því framkvæma það á hverri önn samkvæmt gæðamarkmiðum sem skólinn hefur sett sér. Það þarf eitthvað stórt eins og heimsfaraldur til að því sé sleppt eins og gerðist á vorönn 2020. Aðrir hlutir gengu fyrir þá önnina en á haustönn vorum við búin að laga okkur að nýjum aðstæðum og kennslumatið var framkvæmt samkvæmt venju þrátt fyrir að nemendur væru ekki í staðbundinni kennslu í skólanum nema hluta annarinnar.


Á þessari önn, vorönn 2021, hefur sem betur fer tekist að halda skólanum opnum og kenna nær alla áfanga í staðkennslu. Undantekning eru nokkrir áfangar þar sem kennari fékk að kenna að heiman (í Teams) vegna undirliggjandi sjúkdóms. Önnin hefur þó ekki verið alveg eðlileg, þar sem nær allt félagslíf hefur legið niðri, lítið hefur verið um vettvangsferðir nemenda og fáir utanaðkomandi fyrirlesarar hafa komið til okkar. Að auki hefur nokkur fjöldi nemenda lent í sóttkví í styttri eða lengri tíma og því þurft að stunda námið að heiman af þeim sökum.

Kennslu- og áfangamat var að þessu sinni framkvæmt dagana 12. – 24. apríl að báðum dögum meðtöldum. Nú var gerð áherslubreyting í þá veru að ákveðið var að skipta kennarahópnum í þrennt og meta þriðjung hópsins í einu. Þannig var tekinn fyrir fyrsti þriðjungur núna og allir áfangar kennaranna í þeim hópi voru metnir. Þetta var ákvörðun skólameistara og tekin í þeirri von að betri upplýsingar fáiast um kennara ef allir áfangar hans eru metnir í einu. Þetta er miklægt ekki síst þar sem matið er meðal annars grundvöllur fyrir starfsmannasamtöl sem skólameistari á við kennarana á nokkurra anna fresti.

Að þessu sinni voru metnir áfangar/kennarar á viðskiptabraut, íþróttabraut, félagsfræðabraut og í heilbrigðisskólanum alls 24 kennarar. Hér í töflunni má sjá áfangana sem voru metnir að þessu sinni; 47 áfangar en hópar voru alls 68.

ÁEFR3BA03	HJÚK2HM05	LYFR2SF04	SÁLF3ÞS05
BÓKF1IB05	HJÚK2TV05	LYGE3LÚ05	SIÐF2SF05
BÓKF2FB05	HLSE1NV03	LYLÖ1LR05	SJÚK2GH05
FÉLA2KE05	ÍÞNT2KY03	LÖGF2LÖ05	SJÚK2MS05
FÉLA3AÐ05	ÍÞNT3ÍT05	MARK2AM05	SKER3HA01
FÉLM2FF05	JÓGA1HR02	MAVE3SP02	SÓTT3DA04
FÉLV1IF05	KYNJ2KY05	NÝSK3SF05	STRN2SR04
FJÖL1FS05	LAND2AU05	RTGF3ÞJ03	SÝKL2SS05
FOSA3SA04	LÍFS1BS02	SASK2SS05	TAMS3SA05
HAGF2AR05	LÍOL2IL05	SÁLF2AA05	VEFL3VT05
HBFR1HH05	LÍOL2SS05	SÁLF2FÖ05	VÖFR2VÖ06
HEIM2IH05	LÍOL3TT04	SÁLF3LÍ05	


Alls voru 1058 nemendur beðnir um að svara kennslumatinu að þessu sinni og bárust svör frá 491 þeirra eða 46,5% hópsins. Þátttakan var heldur undir væntingum en markmiðið var að hún næði 50% eða meira eins og tekist hafði þrjár síðustu annirnar fyrir Covid. Ekki er alveg ljóst hvað skýrir minni þátttöku núna (í haust var hægt að skýra það með heimakennslu og faraldri) en á komandi önnum þarf að halda áfram að leita allra leiða til að auka þátttökuna.




Niðurstöður:

Hér á eftir fara niðurstöður spurninganna settar fram á myndrænan hátt. Einungis eru skoðaðir þeir sem afstöðu taka en í flestum spurningum voru nokkrir (yfirleitt 1 – 5%) sem sögðust ekki vilja svara.


Þessi áfangi er vel skipulagður.		
Mjög sammála	279	58,4%
Frekar sammála	165	34,5%
Frekar ósammála	29	6,1%
Mjög ósammála	5	1,0%




Ég er ánægð/-ur með námsgögn áfangans þ.e. bækur, glærur, verkefni og þess háttar.		
Mjög sammála	279	59,5%
Frekar sammála	144	30,7%
Frekar ósammála	34	7,2%
Mjög ósammála	12	2,6%




Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans.		
Mjög sammála	184	38,6%
Frekar sammála	236	49,5%
Frekar ósammála	45	9,4%
Mjög ósammála	12	2,5%




Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr.		
Mjög sammála	295	61,2%
Frekar sammála	149	30,9%
Frekar ósammála	28	5,8%
Mjög ósammála	10	2,1%




Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum.		
Mjög sammála	257	57,6%
Frekar sammála	135	30,3%
Frekar ósammála	35	7,8%
Mjög ósammála	19	4,3%



Ég er ánægð/-ur með viðmót kennarans gagnvart mér.		
Mjög sammála	337	70,8%
Frekar sammála	114	23,9%
Frekar ósammála	13	2,7%
Mjög ósammála	12	2,5%




Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.		
Mjög sammála	316	66,5%
Frekar sammála	122	25,7%
Frekar ósammála	25	5,3%
Mjög ósammála	12	2,5%



Í fyrirlögninni urðu gæðastjóra á smá mistök. Lagður var fyrir nemendur sami spurningalisti og í haust en sá var aðlagður að heimakennslu með nokkrum spurningum um Covid. Spurningar á honum um yfirfærslu efnis yfir á netið fóru fyrir lítið núna en hér má sjá niðurstöður úr spurningu sem snýr almennt að því að stunda námið í Teams – nokkuð sem stór hluti nemenda hefur reynslu af frá síðustu tveimur önnum.

Mér finnst betra að stunda námið í gegnum Teams en að vera í dagskóla.		
Mjög sammála	128	26,2%
Frekar sammála	60	12,3%
Frekar ósammála	62	12,7%
Mjög ósammála	84	17,2%
Á ekki við/veit ekki	155	31,7%



Samanburður milli ára

Skýrslur um kennslumat eru gerðar á hverri önn og birtar á heimasíðunni. Til að fá samanburð er því auðvelt að opna eldri skýrslur og rýna þær. Hér á eftir fer samt til hægðarauka samanburður milli ára þar sem spurningar eru flokkaðar og einkunnir gefnar þannig að tölulegur samanburður fái st. Einkunnir eru gefnar þannig að fullyrðing fær 4 stig ef nemandi er mjög sammála henni, 3 stig ef hann er frekar sammála, 2 stig eru gefin ef nemandi er frekar ósammála og loks fæst eitt stig fyrir hana ef nemandi er mjög ósammála. Einkunn getur því hæst orðið 4 og lægst 1.

Í fyrsta flokki eru spurningar þar sem nemandi var beðinn um að leggja mat á áfangann.

Leggðu mat á áfangann	Vor 18	Haut 18	Vor 19	Haut 19	Haut 20	Vor 21
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður	3,6	3,6	3,5	3,5	-	-
Áfanginn er vel skipulagður	3,5	3,4	3,4	3,4	3,3	3,5
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans þ.e. glærur, verkefni og þessháttar.	3,3	3,4	3,3	3,3	3,3	3,5
Meðaltal	3,5	3,5	3,4	3,4	3,3	3,5

Eyður í reitum þar sem spurt er um aðstöðu til náms stafar af því að sú spurning þótti ekki eiga við í haust þegar nemendur voru í Teams og aðstaðan var að hluta til þeirra eigin en ekki skólans. Sú spurning datt út núna í framhaldinu en verður vissulega með næst. Skemmtilegt hér er að hinar tvær fullyrðingarnar fá hærra einkunn en áður – fara úr 3,3 í 3,5. Hugsanlega er skýringin sú að nemendur kunni betur að meta skipulag áfanganna og námsgögnin eftir að hafa verið heima meira og minna í tvær annir.

Í næsta flokki var spurt um kennsluna og viðmót kennara.

Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	Vor 18	Haust 18	Vor 19	Haust 19	Haust 20	Vor 21
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6	3,6	3,6	3,6
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,4	3,4	3,5	3,4	3,4	3,5
Ég fæ skilaverkefni og próf tilbaka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,7	3,7	3,5	3,4	3,3	3,4
Meðaltal	3,6	3,6	3,5	3,5	3,4	3,5

Hér fara einkunnir heldur hækkandi nema fullyrðingin: Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér. Hún stendur í stað eða er áfram 3,6 sem er vissulega góð einkunn fyrir mjög mikilvæga fullyrðingu; hugsanlega mikilvægustu fullyrðinguna af þeim öllum.

Loks er nemandi beðin um að taka afstöðu til tveggja staðhæfinga sem snúa að honum sjálfum og námi hans.

Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	Vor 18	Haust 18	Vor 19	Haust 19	Haust 20	Vor 21
Ég mæti vel undirbúin/-n í kennslustundir áfangans	3,4	3,6	3,5	3,2	3,1	3,2
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni í frekara námi, starfi eða einkalífi.	3,2	3,3	3,3	3,2	3,2	3,6
Meðaltal	3,3	3,5	3,4	3,2	3,2	3,4

Hér er sérstaklega athyglisvert að sjá að seinni fullyrðingin þar sem nemandi segir að hann telji að námið muni gagnast sér í framtíðinni fær einkunnina 3,6 sem er hærra en nokkru sinni á síðustu önnum. Reyndar gæti skýring á þessu verið sú að í úrtakinu að þessu sinni var allur heilbrigðisskólinn. Þar eru nemendur sem eru að læra til dæmis tanntækni og heilsunudd og það er eðlilegra að þeir nemendur sjá not fyrir áfangana í framtíðarstörfum heldur en nemendur sem eru ef til vill að taka byrjunaráfanga á bóknámsbrautum.


Eins og áður hefur komið fram fór kennslan á haustönn alfarið fram í gegnum netið frá því um miðjan september til annarloka. Þá öðluðust nemendur reynslu í því að vinna að heiman í gegnum Teams og svöruðu nokkrum spurningum um hvernig þeim þætti það hafa gengið í kennslumati haustannar. Nú var lögð fyrir að nýju spurning um Teams og í ljós kemur að ánægja með Teams er örlítð meiri

núna; einkunn fer úr 2,5 í 2,7. Hafa verður þó í huga að um 30% nemenda tóku ekki afstöðu og hafa annað hvort ekki reynslu af Teams eða ekki áhuga á að tjá sig um málið.


	Haut 20	Vor 21
Mér finnst betra að stunda námið í gegnum Teams en að vera í dagskóla.	2,5	2,7

Vonandi þarf ekki að spyrja að þessu aftur í þessum faraldri og helst aldrei aftur!

Að lokum voru nemendur beðnir um að gefa kennaranum einkunn á skalanum 1 til 10. Einkunnir eru háar og nær helmingur nemenda gefur kennara sínum einkunnina 10 og verður að segjast að kennarar almennt megi vel við una.



Samanburður á einkunnagjöf síðustu anna sýnir þetta vel – einkunnir eru alltaf háar en meðaleinkunn hefur aldrei verið hærri.



Lokaorð

Samkvæmt VII. kafla framhaldsskólalaga er öllum skólum gert að framkvæma innra mat á skólastarfinu. Kennslumatið er liður í því og leggur skólinn áherslu á að framkvæma það á hverri önn. Tilgangurinn er margþættur en helst má nefna:

- Kennarar fá endurgjöf á kennslu sína og geta nýtt sér hana til að þróa starfið og gera breytingar þar sem það á við.
- Stjórnendur fá upplýsingar um það sem er að gerast í kennslunni og geta nýtt þær upplýsingar til að styðja kennara og styrkja, grípa til aðgerða ef þarf en ekki síður til að hvetja og hrósa þar sem það á við.
- Nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og ef vel tekst til með úrvinnslu og úrbætur þá fá þeir á tilfinninguna að á þá sé hlustað.
- Ávinningur er fyrir alla starfsemi skólans að geta borið saman niðurstöður milli ára og fylgst þannig með þróun skólastarfsins í bráð og lengd.
- Skýrsla um kennslu- og áfangamat er birt á heimasíðu skólans og er þar aðgengileg öllum þeim sem vilja fræðast um skólann og það starf sem hér fer fram. Einkum er gagnlegt fyrir kennara að skoða heildarniðurstöður í skýrslunni og bera saman við eigin niðurstöður.

Reykjavík 5. maí 2021

Jóna Guðmundsdóttir, gæðastjóri